

Loks heldur áfrýjandi því fram, að fógetinn hafi gengið lengra en hann hafði vald til, með því að taka af honum (áfrýjanda) réttinn til að leigja út húseignir þær, er fjárnámi voru teknar, en til þessa hafði fógetinn fult vald, samkvæmt 21. gr. aðfararlaganna 4. nóvbr. 1887.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámssgerð og úrskurði, og ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð skal óraskað. Áfrýjandi Lyder Höydal greiði stefnda Sveini Björnssyni fyrir hönd Oluf Holm málskostnað með 40 kr., er greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 82/1915.

Réttvisin

gegn

Skúla S. Thoroddsen.

D ó m u r :

Í máli þessu er hinn ákærði, yfirréttarmála-

málaflutningsmaður Skúli S. Thoroddsen, sakaður um brot gegn 298. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, sbr. 3. og 6. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík 15. nóvember 1890, en með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 26. okt. f. á. var hann dæmdur sýkn af þessari ákæru, og málskostnaður dæmdur af almannafé. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Atvik máls þessa eru þau, að aðfaranótt 1. ágúst-mánaðar f. á. voru 2 næturverðir bæjarins á gangi í Kirkjustræti hér í bænum, og var klukkan þá lítið eitt yfir 2. Hittu þeir þá hinn ákærða, er var talsvert ölvaður, og slózt hann þá í för með þeim. Urðu þeir samferða austur í Pósthússtræti, en þar skildi ákærði við þá og fór aftur vestur Kirkjustræti, en næturverðirnir gengu norður Pósthússtræti og staðnæmdu við Landsbankarústirnar. Sáu þeir að ákærði gekk vestur Kirkjustræti og að hann hvarf fyrir hornið á Jyfjabúðinni. Kom þar þá samstundis til þeirra næturvörður kaupmannanna, og heyrðu þeir allir rétt á eftir hveli mikinn, eins og hurð væri skelt, og einn þeirra þóttist og heyra hringl í glerbrotum, en hinir tveir tóku ekki eftir neinu brot-hljóði. Fór þá einn þeirra á reiðhjóli vestur Austurstræti, suður Aðalstræti og austur Kirkjustræti, og sá hann þá, er hann kom að húsinu nr. 10 að stór rúða var brotin í sölubúð Lúðvígs Andersen skraddara, en búð hans var í nefndu húsi.

Rúðan virtist vera brotin með steini, er lá inni á búðargólfinu. En næturverðirnir fullyrða það, að rúðan hafi verið óbrotin, er þeir skömmu áður gengu

framhá búðinni austur Kirkjustræti og hittu hinn ákærða. Næturverðirnir urðu eigi varir við nokkurn mann á þessum slóðum um þetta leyti, nema hinn ákærða. Fyrir því féll grunur á hann, um, að hann væri valdur að rúðubrotinu, og var mál þetta höfðað á hendur honum fyrir það, en hann hefir þverneitað því, að hann hafi framið verkið. Hann tjáist hafa gengið vestur Kirkjustræti, er hann skildi við næturverðina, vestur að baðhúsganginum, og um hann að húsi föður síns, þar sem hann átti heima. Þótt það nú verði að teljast sannað með framburði næturvarðanna að ákærði hafi farið lengra vestur í Kirkjustræti en að Baðhúsganginum, og gengið eitthvað vestur með húsinu nr. 10, þá er það þó eigi sannað gegn ákveðinni og eindreginni neitun hans, að hann hafi brotið áminsta rúðu, því að engir voru sjónarvottar að verkinu, og eigi er loku fyrir það skotið að einhver annar hafi brotið rúðuna, og leynst svo í næstu húsum eða húsagörðum, án þess að næturverðirnir yrðu hans varir. Það verður því að sýkna hinn ákærða í máli þessu, bæði af refsingu og málskostnaði og staðfesta aukaréttardóminn í öllum greinum. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landssjóði, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 15 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalau, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr landssjóði, þar með talin málflytningu- og tilvísunarslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 62/1915.

Guðmundur Jóhannesson
 gegn
 Guðmundi Eggerz.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað af sýslumanni Guðmundi Eggerz gegn Guðmundi kaupmanni Jóhannessyni, fyrir meiðyrði, og var það dæmt í aukarétti Suður-Múlasýslu 28. júnimánaðar f. á. á þá leið, að hin meiðandi orð voru dæmd ómerk, Guðmundur Jóhannesson var dæmdur í 30 kr. sekt, en til vara í 6 daga einfalt fangelsi, og ennfremur til að greiða 15 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir Guðmundur kaupmaður Jóhannesson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 15. sept. f. á. og gert þær réttarkröfur, principaliter, að aukaréttardómurinn verði ó-